

Námskrá Krílakots

Starfsáætlun 2023-2024



Leikskólinn Krílakot

Krílakot opnaði í núverandi mynd 6. ágúst 2016 eftir að Kátakot og Krílakot voru sameinaðir í einn leikskóla með eina starfsstöð. Leikskólastjóri fer með yfirstjórn skólans í umboði sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar.

Krílakot leggur áherslu á að við leikskólann starfi áhugasamt og hæft starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn og fjölbreytta menntun. Lögð er áhersla á að endur- og símenntun haldist í hendur við þróunarstarfskólans. Mikilvægt er að starfsfólk búi við góða vinnuaðstöðu og fjölskylduvæna starfsmannastefnu í samræmi við [Mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar](#).

Saga Krílakots

Upphaf leikskólastarfs á Dalvík má rekja allt aftur til ársins 1961 þegar Kvenfélagið Vaka kom á fót barnaleikvelli og bauð upp á barnagæslu á sumrin. Auk Vöku og bæjarfélagsins kom Lionsklúbbur Dalvíkur að þeim framkvæmdum með fjárframlögum.

1975 er leikskólinn opnaður í gamla skólanum og síðar í Mímisbrunni sem þá var í eigu skátafélagsins.

1980 tók Krílakot til starfa í hluta af núverandi húsnæði, þar sem skrifstofur, sérkennsla, kaffistofa kennara, hluti af fataherbergi og gangur eru núna.

1987 var salur, eldhús, skrifstofa, kaffistofa, ræsting, þvottahús og loft byggt við húsnæðið.

2007 var þriðja deildin byggð vestan við húsið ásamt bættri starfsmannaáðstöðu.

Heildarstærð húsnæðis varð þá 411 m². og leiksvæðis 2.960 m² eftir að við bættist trjálundur og lóð Móafells.

2015 var skóflustunga að nýrri viðbyggingu tekin og rétt rúmu ári seinna fór fram vígsla á nýbyggingu við Krílakot. Miklar endurbætur voru samtímis gerðar á gamla húsnæðinu sem bættu starfsmannaáðstöðu og eldhús verulega.

2016 (6. ágúst) opnaði svo leikskólinn í nýrri byggingu. Krílakot rúmar um 100 börn í vistun allan daginn á 5 deildum og starfsfólk telur um 30 manns. Heildarstærð húsnæðis er um 936,1m²

Yfirstjórn skólans

Fræðsluráð fer með málefni leikskóla og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboði sveitastjórnar. Fræðsluráð er skipað fimm fulltrúum og fimm til vara, skipuðum af

þeim flokkum sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn. Sviðsstjóri fræðsluviðs- og menningarviðs er starfsmaður ráðsins og er hann jafnframt næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Hlutverk og þjónusta fræðsluskrifstofu

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarviðs fer fyrir fræðsluskrifstofu Dalvíkurbyggðar. Hlutverk skrifstofunnar er að koma ákvörðunum fræðsluráðs í framkvæmd, að vera stefnumótandi fyrir skólastofnanir byggðarlagsins og stuðla að því að hver skóli verði framúrskarandi á sínu sviði. Einnig hefur skrifstofan nokkru eftirlitshlutverki að gegna tengdu lögum og mati á gæðum skólastarfsins. Náð samstarf er á milli fræðslu- og félagssviðs og veita sérfræðingar þess síðarnefnda leikskólakennurum einnig ráðgjöf og eru samstarfsaðilar hvað varðar sértækar þarfir nemenda.

Skóladagatal

Skóladagatal er hluti af starfsáætlun skólans. Þar koma fram skipulagsdagar starfsfólks og annað uppbrot í skólastarfi. Reynt er að samræma skóladagatal sem mest í skólum Dalvíkurbyggðar. [Hér](#) er hægt að sjá skóladagtal skólaársins 2023 - 2024

Nemendavernd

Nemendaverndarráð starfar við skólann lögum samkvæmt. Í nemendaverndarráði eiga sæti fulltrúi félagsþjónustu, fulltrúi skólaskrifstofu, fulltrúi heilsugæslu, deildarstjórar deilda þeirra nemenda sem rætt er um hverju sinni og leikskólastjórnendur.

Nemendaverndarráð fjallar um öll þau mál nemenda sem þurfa sérstakrar umfjöllunar við og ekki er hægt að leysa eingöngu innan skólans. Tilvísanir eða beiðnir um aðstoð frá kennurum eða foreldrum eru teknar fyrir á fundunum og málum vísað áfram til sérfræðinga ef þörf þykir. Mál sem tekin eru fyrir í nemendaverndarráði eru ýmist unnin innan veggja skólans, vísað til félags- eða fræðsluviðs Dalvíkurbyggðar, heilsugæslu eða óskað eftir stoð- og/eða sérfræðiþjónustu, allt eftir því hvar talið er að bestu lausn málsins sé að finna. Ætíð er óskað eftir skriflegu samþykki foreldra áður en mál nemenda eru rædd í nemendaverndarráði.

Mat á skólastarfi

Mat á árangri og framförum er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til

framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2011: 46-47).

Lög um leikskóla kveða á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti gæði skólastarfsins með þátttöku foreldra, starfsmanna og nemenda. Niðurstöður úr matinu skulu birtar opinberlega (Lög um leikskóla 2008).

Mikilvægt er að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við matið svo það náí til skólastarfsins í heild; m.a. er notast við viðhorfskannanir, staðlaða lista, árleg starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl og þroskalista.

Kannanir eru gerðar á vegum fræðsluviðs eða Krílakots ár hvert, þar sem kannað er viðhorf og reynsla annars vegar foreldra og hins vegar starfsfólks af leikskólastarfinu. Matsskýrsla er unnin ár hvert.

Á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsmannafundum fer fram mikilvægt mat sem nýtist til umbóta. Ekki er eingöngu hægt að meta starfið út frá mælistikum og gegna því þær umræður sem fram fara á þessum fundum mikilvægum þætti í endurmati og þróun skólastarfsins. Fundargerðir eru haldnar á þessum fundum.

Nemendur á Hólakoti og Kátakoti meta líðan sína á leikskólanum með broskallaaðferð. [Niðurstöður mats](#) eru á heimasíðu leikskólans.

Mat á þroska og fjærni

Mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur. Megintilgangur þroskamats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um þroska hvers nemanda þannig að hægt sé að bregðast við með viðeigandi hætti sé einhverju ábótavant. Mat miðar að því að afla vitneskju um hvernig einstaklingum og hópum gengur að þeim ná viðmiðum sem að er stefnt.

Mat fer m.a. fram með eftirfarandi hætti:

- ✓ Hljóm 2 er lagt fyrir í þeim tilgangi að meta hljóð- og málvitund leikskólabarna. Fyrirlögn fer fram að hausti á síðasta ári leikskólagöngu og aftur í febrúar fyrir hluta nemenda
- ✓ EFI-málþroskamat lagt fyrir
- ✓ Orðaskil-málþroskamat lagt fyrir
- ✓ TRAS sem er skráning á málþroska ungra barna
- ✓ Með viðtölum við foreldra

Móttaka nýliða

Einn af stjórnendum skólans sér um móttöku og styður við nýja starfsmenn. Fundur með nýliðum á fyrstu dögum í starfi.

- ✓ Farið yfir gátlista fyrir nýliða í starfi.
- ✓ Helstu reglur og hefðir Krílakots kynntar.
- ✓ Farið yfir helstu áherslur í starfi Krílakots.
- ✓ Starfsmannahandbók með helstu upplýsingum um skólastarfið kynnt.
- ✓ Húsnæði skólans skoðað.
- ✓ Útifatnaður afhentur.
- ✓ Fara yfir líðan í starfi.
- ✓ Hvað gengur vel og hvað má betur fara.
- ✓ Starfsmannaviðtal eftir 3 vikur í starfi og síðan aftur eftir 3 mánuði

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun Krílakots er á hverri deild og upplýsingar um rýmingu deildarinnar, hvar nemendur eiga að fara út og hvert þeir eiga að fara í neyðartilvikum. Brunaæfing er haldin í skólanum á hverju skólaári. Nálgast má rýmingaráætlun hér.

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Agnes Fjóra Flosadóttir	Starfsmaður í leikskóla
Alda Rós Ágústsdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Anna Wilicka	Starfsmaður í leikskóla
Anna Arngrímsdóttir	Deildarstjóri í leikskóla
Ágústa Kristín Bjarnadóttir	Aðstoðarleikskólalastjóri (aðallega við stjórnun)
Ástrós Lena Ásgeirsdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Bjarney Anna Sigfúsdóttir	Proskapjálfi
Dagný Björk Sigurðardóttir	Deildarstjóri í leikskóla I
Daria Szok	Starfsmaður í leikskóla
Díana Björk Friðriksdóttir	Deildarstjóri í leikskóla
Dóra Rut Kristinsdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Elva Ósk Jónsdóttir	Matráður IV
Emmi Tuulia Kalinen	Háskólamenntaður starfsmaður í leikskóla
Guðfinna Árnadóttir	Starfsmaður í leikskóla
Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir	Leikskólalastjóri (aðallega við stjórnun)
Guðrún Hrönn Tómasdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Heiðar Andri Gunnarsson	Starfsmaður í leikskóla
Heiðís Björk Gunnarsdóttir	Leikskólakennari
Hekla Rán Árskóg	Starfsmaður í leikskóla
Helga Björg Guðmundsdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Herdís Valsdóttir	Leikskólaliði í leikskóla
Jane Kjærgaard	Deildarstjóri í leikskóla
Kolbrá Kolka Guðmundsdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Kristín Arngrímsdóttir	Aðstoðarmatráður
Kristófer Levi Skjöldal	Starfsmaður í leikskóla
Monika Anna Wyrostek	starfsmaður í leikskóla
Sigrún Björk Friðriksdóttir	Starfsmaður í leikskóla
Una Pálmadóttir	Starfsmaður í leikskóla
Urszula Oleszko	Deildarstjóri í leikskóla
Valeria Conte	Starfsmaður í leikskóla
Kelly Mendoza	Starfsmaður í leikskóla

Leikskólalastjóri er yfirmaður leikskóla. Hann ber ábyrgð á rekstri hans og að unnið sé eftir þeim lögum, reglugerðum, stefnum og námskrám sem eiga við um skólastigið.

Aðstoðarleikskólalastjóri er aðstoðarmaður leikskólalastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans. Hann er staðgengill í fjarveru leikskólalastjóra og starfar þá samkvæmt starflýsingu hans. Aðstoðarleikskólalastjóri vinnur ásamt leikskólalastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldi og menntun nemendahópsins á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Starfsmenn vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldi og menntun nemenda.

Leikskólakennarar eru leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins.

Almennir starfsmenn vinna að uppeldi og menntun nemenda í samstarfi við leikskólakennara og undir stjórn deildarstjóra.

Verkefnastjóri sérkennslu vinnur í samvinnu við leikskólastjóra og deildastjóra að þeim verkefnum er að sérkennslu snúa.

Matráður og aðstoðarmatráður sjá um samsetningu matseðla, innkaup, matargerð og þvotta.

Markmið Krílakots

Í Krílakoti er lögð áhersla á að veita nemendum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi sem þeim líður vel í og þar sem þau finna fyrir öryggi. Einnig er lögð áhersla á öflugt foreldrasamstarf og virðing borin fyrir ólíkum uppruna og fjölbreyttum fjölskyldugerðum.

Hollusta og hreyfing eru í fyrirrúmi og er lögð áhersla á læsi, stærðfræði, uppeldi til ábyrgðar, tónlist, tengingu við náttúruna og nærsamfélagið í gegnum leikinn.

Yfirmarkmið skólans er að leggja grunn að alhliða þroska nemenda svo þau verði andlega og líkamlega sterkir einstaklingar sem geta tekið þátt á skapandi, virkan og ábyrgan hátt í lýðræðisþjóðfélagi. Að nemendur séu félagslega sterk og geti tekist á við þau verkefni sem bíða þeirra.

Í öllu starfi í Krílakoti er lögð áhersla á einkunnarorð skólans sem eru

Gleði, sköpun og þor

Til að vinna að ofangreindum markmiðum auk þeirra markmiða sem áður eru tilgreind, eru farnar margvíslegar leiðir og er þeim nánar lýst hér á eftir. Unnið er með nemendum í litlum sem stórum hópum, í skipulögðu/formlegu starfi og í frjálsum leik, úti sem inni.

Áhersla er lögð á að starfsfólk temji sér jákvæða og uppbyggilega framkomu og viðhorf bæði til nemandanna og starfs. Einnig að starfsfólk leggi sig fram við að sýna nemendum, foreldrum og öðru samstarfsfólki virðingu í öllum samskiptum.

Grundvöllur leikskólastarfs

Leikskólinn starfar skv. [lögum um leikskóla nr. 90/2008](#) og [Aðalnámskrá leikskóla](#) frá 2011.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þjónar hann nemendum undir skólaskyldualdri. Hlutverk hans er að ósk foreldra að annast uppeldi, umönnun og menntun barna þeirra á leikskólaaldri.

Sveitarfélög bera ábyrgð á byggingu og rekstri leikskóla en Mennta- og menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrá leikskóla þar sem fram kemur stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólanna sem þeim ber að vinna eftir. Jafnframt er hlutverk ráðuneytisins að stuðla að þróunar- og tilraunastarfi.

Í leikskólum skal velferð og hagur nemenda hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal nemendum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem nemendur njóti fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (lög um leikskóla 90/2008).

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru

- ✓ að fylgjast með og efla alhliða þroska nemenda í náninni samvinnu við foreldra,
- ✓ að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri fjærni í íslensku,
- ✓ að hlúa að nemendum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að nemendur fái notið bernsku sinnar,
- ✓ að stuðla að víðsýni nemenda og efla siðferðisvitund þeirra,
- ✓ að leggja grundvöll að því að nemendur verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,
- ✓ að rækta hæfileika nemanda til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

(2. gr. laga um leikskóla 90/2008).

Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru einu sinni til tvisvar á ári. Að hausti geta foreldrar óskað eftir samtali við kennara og er þá lögð áhersla á að veita upplýsingar um almenna líðan nemandans og gengi í leikskólanum. Að vori eru kennarar búnir að athuga þroska, líðan og hegðun nemandans og upplýsa foreldra um stöðu þess. Önnur samtöl eru boðuð eftir þörfum og geta foreldrar ávallt óskað eftir samtali hvort sem er við leikskólakennara, deildarstjóra eða leikskólastjóra.

Foreldrafélag

Í Krílakoti er starfandi foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð í september ár hvert á aðalfundi félagsins og skipa 5 foreldrar stjórnina. Þegar nemandi byrjar í leikskóla ganga foreldrar sjálfkrafa inn í foreldrafélagið og greiða í það ákveðið gjald. Foreldrafélagið ásamt starfsfólki skólans kemur að ýmsum viðburðum í skólanum; afmæli leikskólans, sveitaferð, vorhátíð, Degi leikskólans og útskrift elstu nemendanna úr leikskólanum. Félagið sér um litlu jólin í samráði við kennara, gefur nemendum gjafir og talar við jólasveinana. Félagið býður nemendum á kaffihús fyrir jólin nema Skújaborg en nemendur þar fá ávaxtakörfu. Þá hafa þau einstaka sinnum boðið nemendum upp á leiksýningar og/eða gefið leikskólanum afmælisgjafir. [Hér](#) eru nánari upplýsingar um foreldrafélagið og stjórn þess.

Foreldraráð

Í Krílakoti er starfandi foreldraráð. Í foreldraráði sitja 4 - 5 foreldrar sem hafa það hlutverk að gefa umsagnir til leikskólans og fræðsluráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir og fylgjast með framkvæmd þeirra. Foreldraráð hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Kosið er í foreldraráð í september ár hvert. [Hér](#) eru nánari upplýsingar um foreldraráðið og hvernig það er skipað.

Foreldrahandbók

Á heimasíðu leikskólans er [foreldrahandbók Krílakots](#) þar sem birtar eru hagnýtar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Helstu verkefni 2022 - 2023

- ✓ Lögð verður áhersla á að starfa samkvæmt markmiðum Uppbyggingarstefnunnar, Grænifána, Útikennslu, MIO (stærðfræði), Lubba, Orðaleik, LAP og Heilsueflandi leikskóla. Fimm teymi eru fyrir verkefni okkar sem munu hittast sex sinnum á önn og skipuleggja og halda utan um hvert verkefni fyrir sig.
- ✓ Innleiðing nýrrar Menntastefnu Dalvíkurbyggðar.
- ✓ Unnið verður samvæmt deildanámskrám. Þær verða jafnframt nýttar til innra mats á leikskólastarfinu.
- ✓ Unnið verður eftir umbótaáætlun innra mats.
- ✓ Samstarf verður áfram við Tónlistarskólann á Tröllaskaga, Dalvíkurskóla og söfn Dalvíkurbyggðar.

Hefðir og venjur

- ✓ Föndur með foreldrum Mánakots og Kátakots fyrir jólin. Kennarar deildanna undirbúa föndur fyrir stundina og foreldrar koma og eiga góða stund með börnunum sínum.
- ✓ Ævintýraferð Hólakots fyrir jólin, börnin skreyta piparkökur og bjóða foreldrum sínum í ævintýraferð sem kennarar skipuleggja. Í þeim ferðum bjóða nemendur upp á kakó og piparkökur.
- ✓ Jólasöngfundur Skújaborgar og Sólkots. Fenginn er hljómlistamaður til að spila fyrir nemendur og sungin eru hin ýmsu jólalög. Foreldrum er boðið að taka þátt í þessari stund og að henni lokinni fá allir ávexti.
- ✓ Kaffihúsaferð: nemendur af Sólkoti, Mánakoti, Kátakoti og Hólakoti fara í litlum hópum á kaffihús hér í bæ í boði Foreldrafélagsins. Boðið er upp á smákökur og kakó. Nemendur á Skújaborg fá ávexti í boði Foreldrafélagsins.
- ✓ Kaffiboð foreldrafélagsins á degi leikskólans. Foreldrar koma með bakkelsi í tilefni dagsins.
- ✓ Öskudagur: nemendur og kennarar mæta í búningum, kötturinn sleginn úr tunnunni, boðið er upp á saltstangir og drykk. Að því loknu er slegið upp balli.
- ✓ Vetrarleikar/vorleikar. Fer eftir veðri en eru haldnir seinni part vetrar. 5. bekkur Dalvíkurskóla kemur í heimsókn og aðstoðar við leikana. Foreldrum er boðið að taka þátt.
- ✓ Hjóladagur er haldinn að vori. Nemendur koma með hjólin sín. Hjólað er á bílastæði leikskólans og á götunni við kirkjuna. Starfsmenn Dalvíkurbyggðar loka götunni.

- ✓ Sveitaferð er í boði foreldrafélagsins. Nemendum er skipt eftir aldri í tvo hópa og farið er á tvo sveitabæi, systkini hafa val um að fara saman.
- ✓ Útskrift og útskriftarferð sem kennarar Hólakots sjá um að skipuleggja. Leitast er við að njóta þess sem sveitarfélagið hefur uppá að bjóða. Síðast liðin ár hefur verið farið í . heitu pottana á Hauganesi, hádegisverður borðaður á Baccalár Bar farið á hestbak í Hringsholti og bærinn Steindyr heimsóttur.
- ✓ 17. júní skrúðganga. Gengið er niður Hólaveg með stoppi við Ráðhúsið og Dalbæ. Fánunum veifað og allir syngja.

Leiðir leikskólans til að mæta nemendum með sérþarfir

- ✓ Haga starfinu á hverri deild þannig að það mæti sem best þörfum allra barna.
- ✓ Einstaklingsnámskrár.
- ✓ Tímar hjá verkefnastjóra sérkennslu.
- ✓ Sérstök stundaskrá innan deilda.
- ✓ Fara með málefni barnsins fyrir Nemendaverndarráð.

Sjá [hér](#) stefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna.

Endur- og símenntun kennara skólaárið 2023-2024

- ✓ Auka þekkingu sína á þeim verkefni sem leikskólinn er að vinna með og talin eru upp hér að framan.
- ✓ Lærdómssamfélagi, þróunarverkefni í samstarfið við skólaskrifstofu og aðrar skólastofnanir innan Dalvíkurbyggðar sem og miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri skólafnanir
- ✓ Námsferð til innanland.

Helstu áherslur og markmið í þróunarstarfi Krílakots

- ✓ Innleiða nýja menntastefnu Dalvíkurbyggðar
- ✓ Þróa deildarnámskrárnar og festa þær í sessi.
- ✓ Gera alla málörvun markvissari.
- ✓ Leggja áherslu á fjölbreytta kennsluhætti tengt þeim verkefnum sem við erum að vinna með. Það er Uppbyggingarstefnan, útikennsla, Lubbi, MIO, Grænfáni, Orðaleikur, Heilsueflandi leikskóli.